

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorprehinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A)	Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorprehreinsigjald	kr. 9.700 á íbúð
		Sorpeyðingargjald	<u>kr. 10.300 á íbúð</u>
		Sorphirðugjöld alls	kr. 20.000 á íbúð
Sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu:			Sorpeyðingargjald kr. 5.150 á fasteign.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.			
B)	Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:		
	Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.	
	0	0	
	1	11.000	
	2	22.000	
	3	44.000	
	4	88.000	
	5	132.000	
	6	220.000	
	7	308.000	
	8	506.000	
	9	770.000	
	10	1.012.000	
	11	19 kr./kíló	

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 9 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun óbrennanlegs sorps skal greiða sérstaklega 11 kr. fyrir hvert kíló. Fyrir förgun olíumengadís jarðvegs skal greiða sérstaklega 2.815 kr. fyrir hvert tonn. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajární á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Nr. 1208

15. desember 2005

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B-lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 89/2005.

Ísafjarðarbæ, 15. desember 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006